

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstjóra.....	3
Áritun ríkisendurskoðanda.....	4
Áritun endurskoðenda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun forstjóra

Árið 2021 var, líkt og árið 2020, óvenjulegt þegar litið er til rekstrarumhverfis og takmarkana í samfélaginu vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Afkoma var umfram áætlun og nam hagnaður ársins 1.631 m.kr.

Áfengi var selt fyrir 39,5 ma.kr. með virðisaukaskatti. Í lítrum dróst sala áfengis saman um 1,6% á milli ára. Alls seldust 26.386 þús. lítrar, þar af var bjórsala 20.122 þús lítrar.

Sala tóbaks nam 11,6 ma.kr. með virðisaukaskatti. ÁTVR innheimtir tóbaksgjald. Gjaldið nam 5.489 m.kr. á árinu 2021 og lækkaði um 481 m.kr. frá árinu á undan. Sala vindlinga í magni dróst saman um 7%. Sala vindlinga nam 876,9 þús kartonum og af vindlum seldust 4.270 þúsund stykki. Selt magn neftóbaks var 16.538 kg. og var samdráttur 35% frá fyrra ári.

Viðskiptavinafjöldi Vínbúðanna var 5,5 milljónir sem eru 0,6% færri viðskiptavinir en árið á undan. Eignir námu 8.403 m.kr, skuldir voru 1.833 m.kr. og eigið fé nam 6.570 m.kr. í árslok 2021. Greiddur var 500 m.kr. arður í ríkissjóð.

Á árinu fengu 647 starfsmenn greidd laun hjá ÁTVR. Margir eru í hlutastarfi. Ársverk voru 342, sem er 2,8% fækkun ársverka á milli ára.

Ýmsar framkvæmdir voru á árinu. Sett voru upp ný afgreiðsluborð í Vínbúðinni á Reyðarfirði og Vínbúðin í Ólafsfirði fékk andlitslyftingu. Skipt var um gólfefni, málað og lýsing endurnýjuð. Í febrúar var Vínbúðinni í Borgartúni lokað og starfsemi á vegum ÁTVR hætt. Vínbúðirnar á Höfn í Hornafirði og Kirkjubæjarklaustri fengu andlitslyftingu. Starfsmannaaðstaða var endurnýjuð og bætt í Vínbúðunum Kringlunni og Austurstræti. Ný vínbúð var opnuð við Mývatn. Unnið var að endurbótum í Vínbúðunum Heiðrúnu og Vínbúðinni í Mosfellsbæ. Framkvæmdir við húsnæði ÁTVR að Stuðlahálsi héldu áfram og hafist var handa við endurnýjun þaks á Vínbúðinni Akureyri. Í lok ársins hófust framkvæmdir við nýtt húsnæði á Egilsstöðum sem ÁTVR hefur tekið á leigu fyrir nýja vínbúð.

Lög um um gjald af áfengi og tóbaki var breytt í upphafi árs þannig að bæði áfengisgjald og tóbaksgjald var hækkað um 2,5%.

Forstjóri ÁTVR staðfestir ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, apríl 2022

Undirritað rafrænt

Ívar J. Arndal,
forstjóri.

Áritun ríkisendurskoðanda

Til fjármála- og efnahagsráðherra

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Ríkisendurskoðun, apríl 2022

Undirritað rafrænt

Guðmundur Björgvin Helgason
starfandi ríkisendurskoðandi

Áritun endurskoðanda

Til fjármála- og efnahagsráðherra

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ÁTVR fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu ÁTVR 31. desember 2021, afkomu fyrirtækisins og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháð ÁTVR og höfum starfað í samræmi við lög nr. 46/2016 um Ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur Ríkisendurskoðunar. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð forstjóra á ársreikningnum

Forstjóri er ábyrgur fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um bókhald og lög um opinber fjármál með vísan til laga um ársreikninga. Forstjóri er einnig ábyrgur fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum.

Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun endurskoðanda frh.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila en hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Öflum skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi fyrirtækisins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa forstjóra ÁTVR um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal eftir atvikum verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, apríl 2022

Undirritað rafrænt

Óskar Sverrisson,
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Sala áfengis.....		35.588.093	34.635.754
Sala tóbaks.....		9.372.177	10.077.180
Sala umbúða o.fl.....		89.770	191.085
		45.050.040	44.904.019
Rekstrargjöld			
Vörunotkun.....	10	38.365.980	38.051.716
Laun og launatengd gjöld.....	11	3.218.497	3.201.232
Húsnæðiskostnaður.....		758.306	808.909
Sölu- og dreifingarkostnaður.....		220.525	200.567
Stjórnunar- og skrifstofukostnaður.....		378.505	380.993
Annar rekstrarkostnaður.....		59.382	54.329
Afskriftir.....	13	287.658	275.565
		43.288.853	42.973.311
Rekstrarhagnaður.....		1.761.187	1.930.708
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	12	(130.095)	(109.399)
Hagnaður ársins		1.631.092	1.821.309

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Eignir			
Rekstrarfjármunir.....	4,13	1.560.432	1.540.397
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	5,14	7.500	7.500
Fastafjármunir samtals		1.567.932	1.547.897
Birgðir.....	6,15	2.700.902	2.345.597
Viðskiptakröfur	7,16	1.064.540	1.130.002
Handbært fé.....	8	3.069.841	2.285.228
Veltufjármunir samtals		6.835.283	5.760.827
Eignir samtals		8.403.215	7.308.724
 Eigið fé og skuldir			
 Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé.....	17	6.570.027	5.438.935
Eigið fé samtals		6.570.027	5.438.935
 Skammtímaskuldir			
Lánardrottnar.....	9	1.067.872	1.071.660
Aðrar skammtímaskuldir.....		765.316	798.129
Skammtímaskuldir samtals		1.833.188	1.869.789
Eigið fé og skuldir samtals		8.403.215	7.308.724
Skuldbindingar.....	18		

Sjóðstreymi árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins.....		1.631.092	1.821.309
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:</i>			
Afskriftir.....	13	287.658	275.565
Tap (söluhagnaður) af fastafjármunum.....		(3.275)	(98.033)
Veltufé frá rekstri		<u>1.915.475</u>	<u>1.998.841</u>
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Birgðir, hækkun.....		(355.305)	(401.004)
Skammtímakröfur, hækkun		65.462	1.026.338
Skammtímaskuldir, (lækkun)		(36.601)	241.749
		<u>(326.444)</u>	<u>867.083</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>1.589.031</u>	<u>2.865.924</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fasteignir.....	13	(61.345)	
Innréttingar og annar búnaður.....	13	(237.093)	(245.659)
Bifreiðar.....	13	(14.137)	(58.771)
Söluverð rekstrarfjármuna.....		8.157	119.298
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(304.418)</u>	<u>(185.132)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Arður til ríkissjóðs.....	17	(500.000)	(1.000.000)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(500.000)</u>	<u>(1.000.000)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....		784.613	1.680.793
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>2.285.228</u>	<u>604.435</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>3.069.841</u>	<u>2.285.228</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Skattar

2. Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatta.

Erlendir gjaldmiðlar og innlendar vísitölur

3. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur í árslok. Viðskipti í erlendum gjaldeyri á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Peningalegar eignir og skuldir sem bundnar eru verðtryggingu eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2022. Breytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

Rekstrarfjármunir

4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði. Frá kostnaðarverði eru dregnar reiknaðar afskriftir.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum kostnaði við að koma eignunum á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við áætlaðan endingartíma og eignarhaldstíma.

Eignarhlutar í öðrum félögum

5. Eignarhlutar í félögum eru færðir á nafnverði.

Skýringar

Birgðir

6. Birgðir samanstanda af endursöluvörum og rekstrarvörum. Birgðirnar eru metnar á síðasta innkaupsverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

Viðskiptakröfur

7. Greiðslukortakröfur eru færðar meðal viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

Handbært fé

8. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

9. Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Vörunotkun

10. Tóbaksgjald er innheimt við sölu tóbaks og er því skilað mánaðarlega til Skattsins. Tóbaksgjaldið er skilgreint sem hluti af kostnaðarverði seldra vara í bókhaldi ÁTVR. Alls námu greiðslur tóbaksgjalds 5.489 m.kr. á árinu 2021.

Sundurliðun vörunotkunar	2021	2020
Vörunotkun, áfengi.....	30.460.630	29.580.575
Vörunotkun, tóbak.....	7.858.357	8.433.471
Vörunotkun, umbúðir.....	46.993	37.670
	<u>38.365.980</u>	<u>38.051.716</u>

Starfsmannamál

11. Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

Dagvinnulaun.....	1.821.939	1.753.900
Yfirvinna.....	722.373	753.327
Launatengd gjöld.....	566.677	563.067
Viðbótarframlag til lífeyrissjóðs.....	97.879	103.422
Áfallið reiknað orlof, breyting.....	9.630	27.515
	<u>3.218.497</u>	<u>3.201.232</u>

Skýringar

Launagjöld hækka um 0,5% milli ára. Reiknuð ársverk á árinu 2021 voru 342, 10 færri en 2020. Hækkun launavísitölu 2021 var 7,3%.

Laun og launatengd gjöld vegna forstjóra námu 23,9 m.kr. en voru 22,3 m.kr. árið á undan.

Áunnið orlof starfsmanna til desemberloka er reiknað og fært í ársreikninginn. Það nam 186,5 m.kr. í árslok 2021 en til samanburðar nam skuldbindingin 184,8 m.kr. árið áður.

Skuldbindingar ÁTVR vegna eftirlauna núverandi og fyrrverandi starfsmanna voru gerðar upp á árinu 1999. Skuldbindingar sem falla til árlega eru gerðar upp við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins jafnóðum. Samkvæmt uppgjöri LSR voru ógreiddar lífeyrisskuldbindingar B-deildar í árslok 2021 3,7 m.kr. Í lögum nr 127/2016 var gerð breyting um aukaframlag til A-deildar lífeyrisjóðs starfsmanna ríkisins. Hluttur ÁTVR árið 2021 94,1 m.kr en var 100,2 m.kr 2020.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

12. Sundurliðun fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)	2021	2020
Vaxtatekjur.....	19.378	13.196
Þóknanir vegna debet- og kreditkorta.....	(143.667)	(118.602)
Fjármagnstekjuskattur.....	(4.244)	(2.709)
Vaxtagjöld.....	(1.563)	(1.284)
	<u>(130.095)</u>	<u>(109.399)</u>

Skýringar

Rekstrarfjármunir

13. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Bifreiðar	Fasteignir	Innréttingar og annar bún.	Samtals
Stofnverð 1.1.2021.....	328.926	1.297.348	1.506.619	3.132.893
Viðbót á árinu.....	14.137	61.345	237.093	312.575
Selt og niðurlagt á árinu.....	-41.195		-217.045	-258.240
Stofnverð 31.12.2021	<u>301.867</u>	<u>1.358.693</u>	<u>1.526.668</u>	<u>3.187.229</u>
Afskrifað 1.1.2021.....	156.054	784.165	652.277	1.592.496
Afskrifað á árinu.....	38.915	26.641	199.047	264.603
Selt og niðurlagt á árinu.....	-34.992		-195.311	-230.303
Afskrifað 31.12.2021	<u>159.977</u>	<u>810.806</u>	<u>656.014</u>	<u>1.626.797</u>
Bókfært verð 31.12.2021	<u>141.890</u>	<u>547.888</u>	<u>870.654</u>	<u>1.560.432</u>
Afskriftarhlutföll.....	12-15%	2-4%	12-20%	

Gjaldfærð afskrift ársins var 264,6 m.kr, seldar og niðurlagðar eignir námu 23 m.kr.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Bókfært verð	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat
Fasteignir og lóðir.....	<u>547.888</u>	<u>3.236.538</u>	<u>3.975.140</u>

Eignarhlutar í félögum

14. Hlutabréf í Endurvinnslunni hf. eru færð á nafnverði 7.500 þús. kr.

Skýringar

Birgðir

15. Birgðir um áramót skiptast í áfengi, tóbak, umbúðir og rekstrarvörur:

	2021	2020
Áfengi.....	2.466.433	2.123.152
Tóbak.....	202.776	178.787
Umbúðir.....	9.043	15.279
Rekstrarvörubirgðir.....	22.650	28.379
	<u>2.700.902</u>	<u>2.345.597</u>

Viðskiptakröfur

16. Viðskiptakröfur sundurliðast þannig:

Kröfur vegna greiðslukorta.....	933.058	975.124
Aðrar viðskiptakröfur.....	131.482	154.878
	<u>1.064.540</u>	<u>1.130.002</u>

Eigið fé

17. Yfirlit eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.	5.438.935
Hagnaður skv. rekstrarreikningi.....	1.631.092
Arður til ríkissjóðs.....	(500.000)
Eigið fé 31.12.	<u>6.570.027</u>

Önnur mál

18. Í tengslum við starfsemi ÁTVR voru 42 húsaleigusamningar í gildi í árslok 2021

Skýringar

Kennitölur

19. Fimm ára yfirlit

	2021	2020	2019	2018	2017
Rekstur:					
Rekstrartekjur.....	45.050	44.904	36.969	35.291	34.276
Rekstrargjöld.....	(43.001)	(42.706)	(35.619)	(33.937)	(32.729)
Rekstrarhagn. f. afskr.	2.049	2.198	1.350	1.354	1.547
Afskriftir.....	(288)	(276)	(246)	(237)	(208)
Rekstrarhagnaður	1.761	1.922	1.104	1.117	1.339
Hreinar fjárm.tekjur.....	(130)	(109)	(48)	(6)	28
Hagnaður ársins	1.631	1.813	1.056	1.111	1.367
Efnahagur:					
Fastafjármunir.....	1.568	1.548	1.540	1.326	1.239
Veltufjármunir.....	6.835	5.761	4.705	5.008	5.104
Eignir alls	8.403	7.309	6.246	6.334	6.343
Eigið fé.....	6.570	5.431	4.618	4.561	4.450
Skammtímaskuldir.....	1.833	1.878	1.628	1.773	1.893
Eigið fé og kuldir alls	8.403	7.309	6.246	6.334	6.343

Helstu kennitölur um afkomu og fjárhagsstöðu fyrirtækisins á síðustu fimm árum:

	2021	2020	2019	2018	2017
Rek.hagn.f.afskr./Tekjur.....	4,5%	4,9%	3,7%	3,8%	4,5%
Veltufjárhlutfall.....	3,73	3,07	2,89	2,82	2,70
Eiginfjárhlutfall.....	78,2%	74,3%	73,9%	72,0%	70,2%
Arðsemi eigin fjár.....	30,0%	39,3%	23,2%	25,0%	28,2%

Undirritunarsíða

forstjóri
Ívar J Arndal

starfandi ríkisendurskoðandi
Guðmundur Björgvin Helgason

endurskoðandi
Óskar Sverrisson